

---

## Efnistaka í Bugamel í landi Norðurkots, Reykjavík

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka í Bugamel í landi Norðurkots, Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. júlí 2015.

# Skipulagsstofnun

## INNGANGUR

Þann 13. maí 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sigurbirni Hjaltasyni um fyrirhugaða efnistöku í Bugamel í landi Norðurkots á Kjalarnesi, Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 5. júní 2015, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 2. júní 2015, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 2. júní 2015, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 29. maí 2015 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. maí 2015.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fram kemur að fyrirhugað sé að vinna frekara efni af eldra efnistökusvæði norðan Hvalfjarðarvegar (47) í landi Norðurkots, í svokölluðum Bugamel. Stunduð hefur verið efnistaka á svæðinu um áraraðir, eða allt frá árinu 1976. Fram kemur að heildarstærð þegar raskaðs svæðis er 3,8 ha, þar af verður að teljast frágengin um 1,4 ha og er heildarmagn efnis sem numið hefur verið á brott er talið vera um 200.000 m<sup>3</sup>.

Fyrirhuguð efnisvinnsla verður á þegar röskuðu svæði svo lengi sem efnið endist í þeim hluta námunar og í framhaldi verður unnið til suðurs inná hið óraskaða 1 ha svæði eftir þörfum. Áætlað efnistökmagn sem ætlað er að vinna til ársins 2030 er allt að 75.000 m<sup>3</sup>. Þá er gert ráð fyrir að flytja á svæðið um 75.000 m<sup>3</sup> af ómenguðu jarðvegsefni á svæðið til uppfyllingar og mótunar til ársins 2030. Fram kemur að aðkoma að námusvæðinu er frá Hvalfjarðarvegi (47), stutta leið um skarð í mönunum sem skerma námuna frá veginum. Áætlað er að hækka mön á milli námu og Hvalfjarðarvegar þegar til fellur hreint jarðvegsefni og hylja frágengið svæði gróðurhulu með tilfallandi mold og búfjáraþurði. Samhliða efnistöku mun unnið að uppgræðslu og frágangi námusvæðis svo landið nýtist til grasnytja. Svæðið var áður lítt grónir en hefur verið grætt upp á síðustu 20 árum.

Fram kemur að námusvæðið er á fornum árósamyndunum og sjávarhjöllum frá ísaldarlokum, mynduðum úr framburði frá Esju um Miðdal, nú Kiðafellsá, og hluti af sjávarhjöllum sem þekja víðáttumikið svæði í nágrenninu. Norðar, nær sjó, þekja sjávarhjallarnir merka jökulruðninga við Hvalfjörð (Ósmela) sem eru á náttúruminjaskrá.

Fram kemur að frárennsli frá námusvæðinu fer um settjörn og síðar um skurð í Kiðafellsá. Grugg hefur ekki borist í ána svo nokkru nemi og er áhersla lögð á að svo verði áfram. Þá er lögð áhersla á að geymsla olúefna verði ekki á námusvæðinu umfram það sem er á vinnuvélum hverju sinni og ströng skilyrði verði sett um aðflutt efni til fyllingar og frágangs.

Fram kemur að þar sem náman sé niðurgráfin og reynslan sýni að þá verði lítt vart hávaða frá starfsemi í námunni. Sama á við um fok. Gert er ráð fyrir, við vinnslu í námunni, að hugað verði að því að draga úr líkum á að áhrifa foks gæti nærliggjandi bæjum með því að laust efni sem tekið verði ofan af nýtanlegu efni verði strax komið ofan í námuna og að námustálið verði að jafnaði með fláa.

Fram kemur að í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er svæðið sem um ræðir, skilgreint sem efnistökusvæði.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að í nýlegri úttekt fornleifafræðings á fyrirhuguðu efnistökusvæði hafi engar fornleifar fundist.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sé einungis um fimmti hluti þess svæðis sem þegar hefur verið raskað og ætla megi að helstu áhrif efnistöku á þessum stað séu þegar komin fram.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða efnistöku í Bugamel í landi Norðurkots, Reykjavík. Áætlað efnistökumagn sem ætlað er að vinna gerir ráð fyrir er allt að 75.000 m<sup>3</sup> til ársins 2030 og auk þess er gert ráð fyrir sama magni haugsetningar á svæðinu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Efnistaka hefur verið á svæðinu í áratugi og nú þegar hefur þar verið raskað tæplega 4 ha lands. Áætlað er að vinna frekara efni á því svæði en að auki á um 1 ha óraskað lands. Náman er mjög nærri Hvalfjarðarvegi og hefur verið skermuð af frá veginum með mönum sem breytir ásýnd svæðisins. Sjónræn áhrif eru að mestu komin fram vegna fyrri efnistöku og munu verða viðvarandi á rekstrartíma námunnar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að framkvæmdaaðili reyni eftir því sem kostur er að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar. Það á ekki einvörðungu við námuvinnsluna sjálfa, heldur ekki síður við mótun landsins við haugsetningar og uppgræðslu. Takist það þá er mögulega unnt að draga nokkuð úr sjónrænum áhrifum bæði á rekstrartíma og að honum loknum.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að geymsla olíuefna verði ekki á námusvæðinu umfram það sem er á vinnuvélum hverju sinni líkt og lýst er í tilkynningu framkvæmdaraðila, til að lágmarka hættu á að spilliefni berist í grunnvatn á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla verði hverfandi þar sem um er ræða efnistöku á röskuðu svæði að mestu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Sigurbjarnar Hjaltasonar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka í Bugamel í landi Norðurkots, Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. júlí 2015.

Rut Kristinsdóttir



Valur Klemensson

# Skipulagsstofnun